

gildi reglugerð nr. 137/1985, um fyrirkomulag mats og eftirlits með sjávarafurðum til útflutnings.

### Ákvæði til bráðabirgða.

#### I

Prátt fyrir ákvæði um gildistöku þessarar reglugerðar skulu vinnsluleyfi og hæfnisvottorð sem gefin voru út á árinu 1992 halda gildi sínu til 1. september 1993.

#### II

Framleiðendur sjávarafurða og önnur þau fyrirtæki sem tilgreind eru í 2. gr. og vinnsluleyfi hafa fengið 1. janúar 1993 skulu hafa gert skriflegan samning við skoðunarstofu fyrir 1. apríl 1993.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 8. desember 1992.*

**Þorsteinn Pálsson.**

*Árni Kolbeinsson.*

## AUGLÝSING

### um breytingu á reglum nr. 493/1987 um húsnæði vinnustaða.

Stjórn Vinnueftirlits ríkisins hefur samþykkt neðangreindar breytingar á ofangreindum reglum með tilvísun í 38., 43. og 44. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum:

Inn komi nýr VI. kafli milli 42. og 43. gr.  
43. gr. verði svohljóðandi:

#### Undanþágur.

43. gr.

- 43.1. Vinnueftirlit ríkisins getur veitt undanþágur frá einstökum ákvæðum reglna þessarar þegar um er að ræða hús sem friðuð eru samkvæmt þjóðminjalögum, eldra húsnæði sem ekki er unnt að breyta og hluta annars húsnæðis þegar hann er notaður í mjög takmarkaðan tíma og sérstakar ástæður mæla með undanþágu. Vinnueftirlit ríkisins getur enn fremur veitt undanþágur frá ákvæðum V. kafla þegar sérstakar ástæður mæla með því.
- 43.2. Sækja þarf skriflega um undanþágur samkvæmt þessari grein.

Núverandi VI. kafli verði VII. kafli.

Núverandi VII. kafli verði VIII. kafli.

Framangreind breyting staðfestist hér með.

*Félagsmálaráðuneytið, 30. nóvember 1992.*

F. h. r.

**Berglind Ásgeirsdóttir.**

*Óskar Hallgrímsson.*